

**59. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
18. April 2017 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Þórður Guðjónsson formaður, Sigríður Indriðadóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Erla Ösp Lárusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hallbera Fríður Jóhannesdóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks grunnskóla, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks leikskóla, Anney Ágústsdóttir varaáheyrnarfulltrúi leikskólastjóra og Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1602167 - Mötuneyti í leik- og grunnskólum.

Kynning á skýrslu starfshóps sem stofnaður var í febrúar 2016, með fulltrúum leik- og grunnskólanna, til að endurskoða rekstur, starfshætti og stefnu í leik- og grunnskólum Akraneskaupstaðar.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir skýrslu um mötuneyti leik- og grunnskólanna á Akranesi.

*Skóla- og frístundaráð óskar eftir umsögn skólastjóra grunnskólanna á mönnun mötuneyta skólanna og þeirrar þjónustu sem þeim er ætlað að veita.
Jafnframt er óskað eftir að sviðsstjóri leiti tilboda í úttekt á matseðlum leik- og grunnskólanna út frá gæðum og næringargildi og að fjármálastjóri Akraneskaupstaðar komi inn á næsta fund ráðsins og fari yfir hugmyndir um æskilegt fyrirkomulag innkaupa mötuneyta leik- og grunnskóla.
Fjármálastjóri kynni jafnframt fjölda matarskammta miðað við stöðugildafjölda í mötuneytum.*

*Áheyrnarfulltrúar víkja af fundi kl. 17:30
Arnbjörg, Sigurður Arnar, Anney, Erla, Hallbera og Íris.*

2. 1703033 - Tómstundaframlag Akraneskaupstaðar

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra vegna bókunar á 56. fundi skóla- og frístundaráðs þann 7.3. 2017 um tómstundaframlag Akraneskaupstaðar.

Erindinu vísað til næsta fundar og óskað eftir frekari kostnaðargreiningu í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Hólfur Guðj.

Sigrún Inga Guðnadóttir

Sigríður Indriðadóttir

Kristinn H. Sveinsson

14

Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir